

Föstudaginn 12. október 1990.

Nr. 372/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. október 1990, sem barst Hæstarétti 11. sama mánaðar, og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. október 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 10. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn úrskurður þessi:

Málsatvik.

Þann 7. október sl. fundust í pósti tvö umslög póstsensd í Amsterdam með póststimpli þann 5. október sl. og með ætluðu hassi í. Annað umslagið var stílað á Tölvusport, pósthólf 12310, 132 Reykjavík, en hitt á Útisport, pósthólf 9290, 128 Reykjavík. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós, að hvorugt þessara fyrirtækja er til og bæði fyrirtækin eru skráð á heimilisfang, sem ekki er til.

Við litaprófun og vigtun hjá lögreglu reyndist hið ætlaða hass í umslaginu, er stílað var á Tölvusport, vega 194,2 g og gefa jákvæða svörun sem kannabis.

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós, að Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, kt. 230359-5049, hafði þann 31. ágúst 1990 útfyllt umsókn um áframsendingu pósts til sín í pósthólf Tölvusports nr. 12310.

Lögregla skipti um innihald í ofangreindum umslögum og kom umslög-unum fyrir í nefndum tveim pósthólfum. Í gær var Gunnar Helgi Helgason, kt. 210557-3269, handtekinn af lögreglu vegna þessa máls, en daginn áður hafði lögregla fylgst með ferðum hans, er hann fór í ofangreint pósthólf nr. 12310 í pósthúsinu við Stórhöfða og tók þaðan dreifibréf, sem sent var út af póstmálastjóra varðandi jólapóst.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu í framhaldi af handtöku kvað Gunnar Helgi Bóas Dagbjart Bergsteinsson vera með ofangreint hólf nr. 12310 á leigu. Bóas hafi farið til Amsterdam í síðustu viku og afhent sér lykilinn að nefndu hólfu með beiðni um að líta eftir pósti í því fyrir sig, á meðan Bóas væri erlendis. Gunnar Helgi kvaðst hafa athugað hólfid í gærkvöld og þá hafi einhver jólapóstur verið þar.

Við handtöku var Gunnar Helgi með lykil að öðru pósthólfi. Var það pósthólf nr. 9310 í pósthúsi í Mjódd. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós, að það pósthólf var skráð á fyrirtækið Garðgrúsk og sá, sem útfyllti umsókn um leigu á pósthólfinu, var Bóas Dagbjartur Bergsteinsson. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvað Gunnar Helgi nefndan Bóas einnig hafa beiðið sig að geyma lykilinn að nefndu pósthólfi án þess að gefa honum skýringu á hvers vegna. Við nefnda lögregluyfirheyrslu kvað Gunnar Helgi sér hafa verið kunnugt um, að ofangreind hólf tengdust fíkniefnum.

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós, að Bóas Dagbjartur Bergsteinsson hafði farið til Amsterdam 3. október sl. og komið til landsins þann 8. október sl. Fyrir þessa ferð tók Bóas út gjaldeyri að upphæð kr. 225.000. Bóas mun einnig hafa farið fleiri ferðir til Amsterdam á þessu ári.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi í dag vegna þessa máls neitaði Bóas öllum sakargiftum, en neitaði síðan að staðfesta með undirritun framburð sinn.

Hér fyrir dómi kannaðist Bóas ekki við undirskriftir sínar á nefndri leigu-umsókn á pósthólfi og beiðni um áframsendingu pósts.

Af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík hefur verið gerð krafa um, að Bóas verði látinn sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 17. október 1990 vegna grunar um, að hann noti ofangreind pósthólf til hassinnflutnings hingað til lands.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Bóas Dagbjartur Bergsteinsson hefur verið borinn sökum, er gætu varðað hann fangelsisrefsingu, ef sannaðar teldust.

Þykir því 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess auk annars ofanritaðs svo og 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögreglufirvalda og ákvarða, að Bóas Dagbjartur Bergsteinsson skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 17. október 1990.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, kt. 230359-5049, til heimilis að Reykjavíkurvegi 50, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 12.15 miðvikudaginn 10. október 1990 að telja og allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 17. október 1990.
